

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 126/2008

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008 frá 23. apríl 2008 um að koma á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 472/2008 frá 29. maí 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma að því er varðar fyrsta grunnárið sem notað er fyrir tímaraðir samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 2. endursk., og að því er varðar sundurliðun, framsetningu, fyrsta viðmiðunartímabilið og viðmiðunartímabilið fyrir tímaraðir fram til ársins 2009 sem skulu sendar samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 2. endursk. ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2008 frá 26. júní 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 831/2002 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins, að því er varðar aðgang að gögnum, háðum trúnaðarkvöðum, í vísindaskyni ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 451/2008 féll úr gildi 1. janúar 2008 reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað texta liðar 20b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 65.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 140, 30.5.2008, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 166, 27.6.2008, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 342, 31.12.1993, bls. 1.

„**32008 R 0451**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008 frá 23. apríl 2008 um að koma á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 (Stjtíð. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 65).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1503/2006):

„2d. **32008 R 0472**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 472/2008 frá 29. maí 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma að því er varðar fyrsta grunnárið sem notað er fyrir tímaraðir samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 2. endursk., og að því er varðar sundurliðun, framsetningu, fyrsta viðmiðunartímabilið og viðmiðunartímabilið fyrir tímaraðir fram til ársins 2009 sem skulu sendar samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 2. endursk. (Stjtíð. ESB L 140, 30.5.2008, bls. 5).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 17b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002):

„– **32008 R 0606**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2008 frá 26. júní 2008 (Stjtíð. ESB L 166, 27.6.2008, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 451/2008, 472/2008 og 606/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.